

FW: Erindi um hjólreiðaáætlun Kópavogsbæjar frá Landssamtökum hjólreiðamanna

Til : Skjalavarsla skjaladeild <Skjalavarsla@kopavogur.is>
Frá : Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Heiti : FW: Erindi um hjólreiðaáætlun Kópavogsbæjar frá Landssamtökum hjólreiðamanna
Málsnúmer : 25061207
Málsaðili : Landssamtök hjólreiðamanna
Skráð dags : 12.05.2025 09:02:47
Höfundur : Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Viðhengi : [kop-gbr-texti.png](#)
[kop-gbr-mynd.jpg](#)

From: Erlendur S Þorsteinsson
Sent: sunnudagur, 11. maí 2025 20:05
To: Þjónustuver Kópavogsbæjar
Cc: Ásdís Kristjánsdóttir - bæjarstjóri ; Hjördís Ýr Johnson - bæjarfulltrúi ; Ásthildur Helgadóttir - sviðsstjóri umhverfissviðs ; Landssamtök hjólreiðamanna
Subject: Re: Erindi um hjólreiðaáætlun Kópavogsbæjar frá Landssamtökum hjólreiðamanna

Góða kvöldið Kópavogsbær,

Ég vil gjarnan óska þess, fyrir hönd Landssamtaka hjólreiðamanna (LHM), að Kópavogsbær staðfesti móttöku erindis LHM, sent 22. apríl sl. LHM óskar eftir því að heyra af því hvaða ráð bæjarins tekur erindið fyrir og afgreiðslu þess ráðs, en til að byrja með er einungis óskað eftir móttökustaðfestingu.

LHM vill nota tækifærið til að bæta við erindið og óskar þess að litið verði á tölvubréfið 22. apríl, viðhengið í því bréfi, og þetta tölvubréf hér 11. maí, með viðhengjum, sem eina heild.

Ástæða viðbótar er að í upphaflega erindinu var töluvert fjallað um samstarfs Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar en þar sem vinnu við „Stígakerfi - Breyting á 4. kafla í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030“ vindur fram, sem og við hjólreiðaáætlun Garðabæjar, þykir LHM ástæða til að bæta við stuttum kafla um samstarf Kópavogsbæjar og Garðabæjar um tengingu bæjanna. M.a. vegna tengingar bæjanna við Arnarnesveg en umsögn Kópavogsbæjar við stígakerfisbreytingar Garðabæjar gefur tilefni til vangaveltna um hvort að sveitarfélögin gætu verið betur í takti. LHM tekur undir ákall skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar í umsögninni að skýra þetta betur.

Til að gera langa sögu eins og stutta og mögulegt vill undirritaður fyrst og fremst vísa í fyrri samskipti við bæjarstjóra í tengslum við að ný endurvinnslustöð verður á Glaðheimasvæðinu. Þau eru í viðhengi (kop-gbr-texti.png og kop-gbr-mynd.jpg) en eru líka hér í tölvupóstinum:

Þetta er ágætis staðsetning; allavega mun betri en kirkjugarðurinn, hugmynd sem tók endurvinnslu í nýjar hæðir.

Hérna er líka frábært tækifæri til að klára hjólastígatengingar Ásdís. Stígurinn þarna framhjá svæðinu, sem er í dag ekki hjólastígur, fer yfir hringtorgið sem er merkt A og í dag er engin umferð þar og því

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

engar áhyggjur. Það mun auðvitað snarbreystast og því mun þurfa að huga gríðarlega vel að hönnun þar.

En ég mæli eindregið með að tengja saman Kópavogsbæ og Garðabæ því það eru hjólastígar að Arnarnesveginum Garðabæjarmegin (sjá B) og Kópavogsmegin eftir Lindarvegi (sjá C) en sá stígur kemur alla leið frá Reykjavík meðfram Álfabakka. Það vantar bara 600 metra upp að klára þessa tengingu milli Mjóddar og Garðabæjar.

Það eru líka leiðindasvæði, merkt L1 og L2, með mjög kröppum beygjum; og á L2 horfa bílstjórar alltaf í vitlausa átt (háhraðabeygjuvasana þar þyrfti að fjarlægja) -- nota þarna frekar hönnun sem varð fyrir valinu á gatnamótum Fífuhammsvegur og Hagasmára.

Alltaf reiðubúinn til skrafs og ráðagerða!

Að mörgu öðru er að huga í hjólastígatengingum bæjanna.

F.h. LHM,

Erlendur S. Þorsteinsson
formaður stjórnar

Þri., 22. apr. 2025 kl. 20:17 skrifaði Landssamtök hjólréidamanna <lhm@lhm.is>:

Góðan daginn,

Landssamtök hjólréidamanna (LHM) vilja með erindi þessu, sem finna má í viðhengi, hvetja Kópavogsbæ til að leggja fram nýja hjólréiðaaætlun fyrir bæinn.

F.h. LHM,

Erlendur S. Þorsteinsson
formaður stjórnar

--

Landssamtök hjólréidamanna
Icelandic Cyclists' Federation
Engjavegi 5, IS-104 Reykjavík, ICELAND
www.LHM.is, LHM@LHM.is